



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd

Efni: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu nr. 98/2019 (úrbætur á póstmarkaði), 181. mál.

Með vísan til umsagnarbeiðnar sem SSA fengu senda með tölvupósti 22. september sl. vill sambandið gera eftirfarandi athugasemdir við lagafrumvarpið:

Í grein 2 segir:

„Alþjónustuveitanda er heimilt að setja upp bréfastassasamstæður fyrir alla móttakendur póstsendinga á höfuðborgarsvæðinu og í öðru þéttbýli.“

Í meðfylgjandi greinargerð kemur fram að „verði frumvarpið að lögum mun alþjónustuveitandi geta ákveðið í samráði við viðkomandi sveitarfélag að setja upp bréfastassasamstæður í tilteknu póstnúmeri þannig að íbúar geti sótt póstinn sinn í göngufæri.“

Það er afar mikilvægt að alþjónustuveitandi hafi samráð við sveitarfélög á landinu um hvernig þessi þjónusta yrði útfærð í framtíðinni. Það þarf að vera afar skýrt að þetta sé ekki spurning um að þjónustuveitandi „geti“ ákveðið í samráði sveitarfélög heldur beri honum að gera það án undantekninga.

Þetta skiptir ekki síst máli vegna þess að sveitarfélögin á Austurlandi hafa samþykkt svæðisskipulag til ársins 2044 og þar eru skýr markmið sett um að byggðamynstur í þéttbýli styðji við virka og um leið vistvæna ferðamáta og að fyrirkomulag landnotkunar, þéttleiki byggðar og útfærsla gatna- og stígakerfis, miði við að helsta þjónusta sé í að hámarki 15 mínútna göngu- eða hjólafæri frá heimilum.

Í þessu samhengi skal bent á að það getur verið lítið samhengi á milli íbúafjölda og stærðar byggðakjarna á landsbyggðinni. Viða á Austfjörðum teygja byggðakjarnarnir sig eftir ströndinni og eru því oft eðli málsins samkvæmt langir. Þótt staðirnir séu því „litlir“ m.t.t. íbúafjöldi þarf að íhuga vel staðsetningu á þessum samstæðum ef allir íbúar eiga að geta sótt póstinn sinn í göngufæri. Þá eru við flesta byggðakjarna Austurlands nærliggjandi sveitir og brýnt að hugsa um íbúa í dreifbýli við útfærslu þjónustunnar.

Síðast en ekki síst er samstarf við sveitarfélög mikilvægt þegar kemur að því að útfæra þjónustu gagnvart hreyfihömluðum og öllum þeim hópum sem gætu átt erfitt með að sækja póstinn í slíkar bréfastassasamstæður.

Virðingarfyllt
f.h. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
Framkvæmdastjóri SSA